

**REGLUGERÐ**  
**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 420/2021,**  
**um strandveiðar fiskveiðiárið 2020/2021.**

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Þá eru strandveiðar bannaðar á uppstigningardag, annan í hvítasunnu, 17. júní og á frídegi verslunarmanna.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. maí 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

---

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*